Þjóðviljinn
– Frá lesendum –
Síðumúla 6
108 Reykjavík

Pennavinir

Þjóðviljanum berst reglulega töluverður fjöldi óska um pennavini erlendis frá.

Jessica Gosby
Miss Kilgore's Class
Nashville Elementary
Box 157
Nashville Indiana 47448
Bandaríkjunum.

Jessica biður lesendur Þjóðviljans að senda sér póstkort af Íslandi með upplýsingum um loftslag, menningu, íþróttir og annað sem snertir íslenskt þjóðlíf, en efni þetta ætlar hún að nota í landafræðiritgerð.

Angelika Hertle
Fruhlingstrasse 3
8850 Donauwörth
V-Þýskalandi

Angelika er að leita að pennavini. Hún er 24 ára og hefur áhuga á ferðalögum, lestri, tónlist og fl. Hún segist lesa og skrifa ensku.

Sonja Wachters
Serijnenhof 12
2641 MZ Pijnacker
Hollandi

Sonja er 14 ára og hefur áhuga á íþróttum, teikningu, dýrum, poppi og matreiðslu. Hún skrifar á ensku og hollensku. Óskar eftir bréfaskriftum við íslenskan ungling á svipuðu reki eða eldri.

Salka Sandin
Norrakungsvägen 66
52200 Tidaholm
Svíþjóð

Salka er 15 ára og þarfnast hjálpar vegna verkefnis í skólanum. Hún hefur ákveðið að fjalla um íslenska tónlist á tónlistarbrautinni í skólanum sínum en gengur erfiðlega að útvega sér hljómplötur með íslensku efni. Hún á upptökur með Sykurmolunum en ekkert annað. Hún biður því einhvern jafnaldra sinn að senda bréflega upplýsingar um íslensk dægurlög, hljómsveitir, greinastúfa eða annað sem kynni að hjálpa henni. Best væri ef hægt væri að senda henni upptökur af því framsæknasta í tónlistinni í dag.

Dulmögnun í einföldum stórum formum

Sýningu Stefáns Axels Valdimarssonar á Kjarvalsstöðum er nýlega lokið. Margt mætti skrifa bæði til frægðar og ófrægðar þessum unga manni er opinberaði myndverk sín öllum almenningi á dögunum.

Hér voru á ferð gríðarstórar myndir, er héldu einföld form í samspili ástríðumettaðra lita.

Meðferð hans á efniviðnum var misjöfn að gæðum einsog vænta mátti, en þar sem honum tókst best upp stóð áhorfandinn gagntekinn góða stund.

Ef eitt verk á sýningu megnar að hræra svo upp í mönnum, liggur visst hugboð í loftinu, og séu þau fleiri er vissara að fara út og fá sér göngutúr um stund.

Þeim er þessar línur ritar býður í grun að hér sé á ferð ungmenni er hefur lagt metnað sinn í að draga fram dulmögnun í einföldum stórum formum, gott ef hér er ekki sú spíra að festa rætur sem, ef líf og heilsa endist, eigi eftir að ylja löndum sínum um hjartarætur á komandi tímum, með metnaðarfullri myndsýn sinni í væntanlegum verkum. Hafi hann heila þökk.

V. Ingiberg Einarsson, áhugamaður um myndlist.



Hvenær mun vitfirringunni linna?

Um þessar mundir eru liðlega fimmtíu ár frá upphafi síðari heimstyrjaldarinnar og eðlilega hefur farið mikið fyrir umræðunni um þennan hroðalega hildarleik. Í framhaldi af öllu þessu í ræðu og riti þá bjóst maður við að menn gerðu úttekt á stöðu mannheims í dag, en því miður fór lítið fyrir slíku.

Það er hörmuleg staðreynd, að enn þann dag í dag er saklaust fólk drepið og það í hundraða þúsunda tali, það pyntað, kúgað og lítilsvirt á allan handa máta og ekkert lát virðist ætla að verða nema síður sé og kaldhæðnislegt er það, að það skuli vera gyðingar sem nú eru fremstir í flokki ofbeldismanna, en það voru einmitt gyðingar sem máttu þola ólýsanlegar hörmungar í seinni heimstyrjöldinni. Meðferð gyðinganna í Ísrael á palestínufólkinu á Vesturbakka Jórdanárinnar og á Gahazasvæðinu svo og Jerúsalem er í einu orði sagt hroðaleg, en eins og allir vita, sem á annað borð fylgjast með gangi heimsmála, þá hafa aðfluttir gyðingar tekið Palestínu af þeim er fyrir voru í landinu, þ.á m. Palestínuaröbum með ofbeldi og nefna nú landið Ísrael og þessi seinustu landsvæði er Palestínumenn enn byggja munu Ísraelsmenn senn innlima og flæma íbúana burt eða gera þá að annars flokks borgurum eða nánast vinnudýrum.

Hinn vestræni heimur stendur hjá í hæfilegri fjarlægð og aðhefst ekkert. Nóg er talað um frelsi og mannréttindi, en þegar til á að taka og gera eitthvað til úrbóta, eins og til dæmis fyrir botni Miðjarðarhafsins, þá halda menn að sér höndum. Vitanlega gætu vestrænar þjóðir knúið Ísraelsmenn til að láta af þessu miskunnarlausu ofbeldi og ekki síður gætu þessar þjóðir séð til þess að Palestínumenn fengju að stofna sitt eigið ríki. Það sannast þarna eins og endranær, það eru annað orð en athafnir.

Er nema von að spurt sé, mun vitfirringunni aldrei linna, er virkilega ekki von til þess að menn fari að lifa saman í sátt og samlyndi?

Guðjón V. Guðmundsson

Forseti fær friðarverðlau

Frú Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, voru veitt friðarverðlaun kvenna fyrir árið 1988 er friðarsamtökin *Together for peace foundation* veita. Raisa Gorbatsjov og **Nancy Reagan** hlutu verðlaun in einnig að þessu sinni.

Reynt að blekkja

Þessi úrklippa er úr Morgunblaðinu 24. september sl. Sagt er frá þrem nafngreindum konum, sem fengu friðarverðlaun kvenna. Tvö nöfn eru feitletruð, það þriðja ekki, svo minna ber á því. Minnir þetta dálítið á algenga verðmerkingu í verslunum þar sem talan 99 er óspart notuð til að villa um fyrir fólki. Lítið dregur vesælan.

Lesandi

Í hugmyndakreppu

Hagmæltur lesandi Þjóðviljans hafði samband við blaðið er hann hafði lesið fyrsta leiðara Ólafs H. Torfasonar. Yfir morgunkaffinu hrökk þá þessi vísustúfur út úr lesandanum:

Í hugmyndakreppu er hugmyndahönnun
heillaráð fyrir skoðanaprang.
Skoðanamyndandi skoðanakönnun
við skulum með hraði setja í gang.

Í DAG

ÞJÓÐVILJINN

FYRIR 50 ÁRUM

Óttinn við nýlendukröfur Þjóðverja er orsök styrjaldarinnar. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna stefnir endurskoðendum landsreikninganna fyrir meiðyrði. Bergmál styrjaldarinnar. Fregnir hafa borist frá Patereksfirði og Breiðuvíkum, að þangað hafi heyrst ákafir skotdynkir utan af hafi sl. föstudag.

2. nóvember

fimmtudagur. 306.dagur ársins. Allra sálna messa. Sólarupprás í Reykjavík kl. 9.14 – sólarlag kl. 17.08.

Viðburðir

Skátastarf á Íslandi hófst árið 1912. Morgunblaðið hóf göngu sína 1913. Sveinafélag húsasmiða í Reykjavík stofnað árið 1933.

DAGBÓK

APÓTEK

Reykjavík. Helgar- og kvöldvarsla lyfjabúða vikuna 27. okt.-2. nóv. er í Árbæjarapóteki og Laugarnesapóteki.

Fyrrnefnda apótekið er opið um helgar og annast næturvörslu alla daga 22-9 (til 10 frídaga). **Síðarnefnda** apótekið er opið á kvöldin 18-22 virka daga og á laugardögum 9-22 samhliða hinu fyrrnefnda.

LÖGGAN

Reykjavík	sími	1 11 66
Kópavogur	sími	4 12 00
Seltj.nes	sími	1 84 55
Hafnarfj.	sími	5 11 66
Garðabær	sími	5 11 66
Slökkvilið og sjúkrabílar:		
Reykjavík	sími	1 11 00
Kópavogur	sími	1 11 00
Seltj.nes	sími	1 11 00
Hafnarfj.	sími	5 11 00
Garðabær	sími	5 11 00

LÆKNAR

Læknavakt fyrir Reykjavík, Seltjarnarnes og **Kópavog** er í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur alla virka daga frá kl. 17 til 08, á laugardögum og helgidögum allan sólarhringinn. Vitjanabeiðnir, símaráðleggingar og tímapantanir í síma **21230.** Upplýsingar um lækna og lyfjaþjónustu eru gefnar í símsvara **18888.**

Borgarspítalinn: Vakt virka daga kl. 8-17 og fyrir þá sem ekki hafa heimilislækni eða ná ekki til hans. **Landspítalinn:** Göngudeildin er opin 20-21. **Slysadeild** Borgarspítalans: opin allan sólahringinn sími **696600.**

Hafnarfjörður: Dagvakt, Heilsugæslan sími 53722. **Næturvakt** læknasími **51100.**

Garðabær: Heilsugæslan Garðaflöt s. 656066, upplýsingar um vaktlækna s. 51100.

Akureyri: Dagvakt 8-17 á Læknamiðstöðinni s. 23222, hjá slökkviliðinu s. 22222, hjá Akureyrarapóteki s. 22445. Farsími vaktlæknis 985-23221.

Keflavík: Dagvakt. Upplýsingar s. 3360.

Vestmannaeyjar: Neyðarvakt læknas. 1966.

SJÚKRAHÚS

Heimsóknartímar: **Landspítalinn:** alla daga 15-16, 19-20. **Borgarspítalinn:** virka daga 18.30-19.30, helgar 15-18, og eftir samkomulagi. **Fæðingardeild** Landspítalans: 15-16. Feðratími 19.30-20.30. **Öldrunarlækningadeild** Landspítalans Hátúni 10 B. Alla daga 14-20 og eftir samkomulagi. **Grensásdeild** Borgarspítala: virka daga 16-19, helgar 14-19.30. **Heilsuverndarstöðin** við Barónsstíg opin alla daga 15-16 og 18.30-19.30. **Landakotsspítali:** alla daga 15-16 og 18.30-19. **Barnadeild:** heimsóknir annarra en foreldra kl. 16-17 daglega. **St. Jósefsspítali** Hafnarfirði: alla daga 15-16 og 19-19.30. **Kleppsspítalinn:** alla daga 15-16 og 18.30-19. **Vestmannaeyjum:** alla virka daga 15-16 og 19-19.30. **Sjúkrahús Akraness:** alla daga 15.30-16 og 19-19.30. **Sjúkrahúsið Húsavík:** alla daga 15-16 og 19.30-20.

ÝMISLEGT

Hjálparstöð RKÍ. Neyðarathvarf fyrir unglinga Tjarnargötu 35. Sími: 622266, opið allan sólarhringinn.

Sálfræðistöðin. Ráðgjöf í sálfræðilegum efnum. Sími 687075.

MS-félagið Álandi 13. Opið virka daga frá kl. 8-17. Síminn er 688620.

Kvennaráðgjöfin Hlaðvarpanum Vesturgötu 3. Opið þriðjudaga kl.20–22, fimmtudaga 13.30–15.30 og kl. 20–22, sími 21500, símsvari.

Sjálfshjálparhópar þeirra sem orðið hafa fyrir sifjaspellum, s. 21500, símsvari.

Upplýsingar um eyðni. Sími 622280, beint samband við lækni/hjúkrunarfræðing á miðvikudögum kl. 18–19, annars símsvari.

Samtök um kvennaathvarf, sími 21205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi eða orðið fyrir nauðgun.

Samtökin '78. Svarað er í upplýsinga- og ráðgjafarsíma félags lesbía og homma á mánudags- og fimmtudagskvöldum kl. 21–23. Símsvari á öðrum tímum. Síminn er 91-28539.

Bilanavakt rafmagns- og hitaveitu: **s. 27311. Rafmagnsveita** bilanavakt **s. 686230.**

Vinnuhópur um sifjaspellamál. Sími 21260 alla virka daga kl. 1–5.

Lögfræðiaðstoð Orators, félags laganema, er veitt í síma 11012 milli kl. 19.30 og 22.00 á fimmtudagskvöldum.

„Opið hús" krabbameinssjúklinga Skógarhlíð 8 er „Opið hús" fyrir alla krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra á fimmtudögum kl. 17.00–19.00.

Samtök áhugafólks um alnæmisvandann sem vilja styðja við smitaða og sjúka og aðstandendur þeirra. Hringið í síma 91-22400 alla virka daga.

GENGIÐ

2. nóv. 1989
kl. 9.15.

	Sala
Bandaríkjadollar	62.39000
Sterlingspund	98.17100
Kanadadollar	53.10000
Dönsk króna	8.69850
Norsk króna	9.01590
Sænsk króna	9.70750
Finnskt mark	14.64900
Franskur franki	9.96250
Belgískur franki	1.60900
Svissneskur franki	38.48500
Hollenskt gyllini	29.94120
Vesturþýskt mark	33.80660
Ítölsk líra	0.04605
Austurrískur sch.	4.80290
Portúg. Escudo	0.39490
Spánskur peseti	0.53370
Japanskt yen	0.43482
Írskt pund	89.77000
SDR – Serst.DDR	79.46740
ECU – Evrópumynt	69.27160
Belgískur Fr.Fin	1.60700

KROSSGÁTA



Lárétt: 1 rökkurs 4 hugur 6 tré 7 lán 9 íburður 12 trufla 14 gerast 15 ótta 16 ófús 19 brúki 20 þekkt 21 enn

Lóðrétt: 2 vökva 3 flipa 4 hristi 5 huggun 7 leti 5 gabba 10 jörð 11 ánægður 13 eyða 17 eyri 18 stækkuðu

Lausn á síðustu krossgátu

Lárétt: 1 toll 4 þúst 6 eir 7 vist 9 ósár 12 kisan 14 fær 15 efi 16 auðri 19 laun 20 áður 21 tinna

Lóðrétt: 2 oki 3 leti 4 þróa 5 slá 7 Vífill 8 skraut 10 sneiða 11 reiðri 13 sið 17 uni 18 rán